

Þj. 31.10.189

Kvennalistinn

Hugarfar hamla frek

Langt í land að konur njóti raunverulegs sjálfstæðis á Íslandi segir í ályktun landsfundar Kvennalistans

Frelsi kvenna eru takmörk sett af ríkjandi hugarfari, sem tekur sjálfstæði karla fram yfir sjálfstæði kvenna. Þannig segir meðal annars í ályktun Landsfundar Kvennalistans, sem haldinn var að Básun í Ölfusi um helgina, þar sem áréttað er jafnframt að þótt íslensk löggjöf kveði á um jafnrétti kynjanna, þá sé enn langt í land að slíkt jafnrétti sé virt í reynd.

Kvennalistakonur vilja gera gagngera uppstokkun á launakerfi þjóðfélagsins út frá nýju mati á verðgildum starfanna. Þá beri einnig að virða félagslegt sjálfstæði kvenna og þörf foreldra til þess að sinna barnauppleidi með betri dagheimilaþjónustu, samfelldum skóladegi og sveigjanlegum vinnutíma. Þá þurfi þjóðfélagið að viðurkenna „reynslu og menningu kvenna

sem stefnumótandi afl í þjóðfélaginu.“

Í fréttatilkynningu um landsfundinn segir m.a. að konur komi inn á vinnumarkaðinn á allt öðrum forsendum en karlar. „Þeim er þó ætlað að lúta sömu lögmálum og leikreglum og körlum, sem hafa ákveðið allt eftir sínu höfði og þörfum, en það er í rauninni líkt og að api segi fiski að þeir skuli klifra upp í tré á jafnréttisgrundvelli.“

Aðspurðar um frekari skilgreiningu á „forsendum kvenna“ á vinnumarkaði sögðu fulltrúar Kvennalistans á blaðamannafundi í gær að hinar ólíku forsendur karla og kvenna birtust í mörgum myndum. Félagssleg aðstaða réði þar miklu, ríkjandi hugarfar í þjóðfélaginu og svo ekki síst það, að konum væri eðlislægt að sinna starfi sínu með

öðrum hætti en karlar. Konum bæri því nauðsyn til þess að líta á sig sem „sérstakan hóp, en ekki „líka menn“, þær þurfa sérstakar kennsluáðferðir, ívilnanir og tímabundin forréttindi“, eins og segir í fréttatilkynningunni.

Af einstökum málum sem fjallað var um á landsfundinum má nefna, að Kvennalistinn er andvígur fiskveiðistefnu ríkisstjórnarinnar og þeirri reglu að úthluta veiðikvóta á skip. Ríkjandi fiskveiðistefna byggist á skammtímasjónarmiðum og einkahagsmunum, þar sem ekki er tekið nægilegt tillit til gæða og nýtingar þess afla sem veida má. Dæmi um þetta séu frystitogararnir sem skili ekki nema 30% aflans í unninni vöru: hitt fari allt í sjóinn og sé þegar orðinn mikill mengunarvaldur á fiskislóðinni.

Kvennalistakonur vilja athuga

hvort ekki sé vænleg Breta þrýstingi vegna kjarnorkustöðvarinnar að setja löndunarbanan an ferskfisk í Skotland

Kvennalistakonur atvinnuleysi meðal kvenna orðið alvarlegt gripið verði til sérstakana af þeim sökum, m. að stofnuð verði sérstö deild innan Bygðastofnunarinnar hafi til umráða 20% af ríkisins til stofnunarinnar 10 árin.

Þá hafa Kvennalistakonur ákveðið að sækjast eftir bankaráðum til þess sjónarmiðum kvenna á þar.

Nánar verður fjallað efnagrundvöll Kvennalistans í Nýju Helgarblaði Þjóð